

TILV1SN05

Búið til: Sun, 28 Apr 2013 03:57:06 GMT

Titill

Starfsnám í skóla og upplýsingatækni

Skammstöfun

TILV1SN05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Tilveran

Viðfangsefni

Starfsnám í skóla og upplýsingatækni

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Náms- og starfsfræðsla þar sem nemandinn kynnist helstu reglum sem gilda um mannleg samskipti á vinnustað. Fræðsla um réttindi og skyldur starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Farið verður yfir öryggis- og umhverfismál, hættur og hollustu. Hlutverk stéttarfélaga kynnt. Farið yfir launaseðil. Einnig verður kennd almenn notkun upplýsingatækni.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tilgangi starfs og mikilvægi þess í tengslum við önnur störf
- helstu atriðum sem taka ber tillit til við starfsval
- öryggi og hollustuháttum á vinnustað
- réttindum og skyldum launþega
- launaseðli og merkingu hans
- helstu launþegasamtökum og hlutverki þeirra
- helstu atriðum upplýsingatækni

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- þekkja sterkar hliðar sínar í tengslum við starfsval
- vega og meta aðstæður á vinnustað með t.t. öryggismála
- nýta helstu ritvinnslu og reikniforrit
- nota forritið PhotoStory sem tæki til að kynna sig

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þekkja rétt sinn og skyldur á vinnumarkaði
- lesa úr einföldum launaseðli ...sem er metið með... umræðum og verkefnum

- velja sér starf við hæfi ...sem er metið með... umræðum og verkefnum
- þekkja almenn öryggisatriði á vinnustöðum ...sem er metið með... umræðum og verkefnum
- geta sótt sér upplýsingar hjá launþegasamtökum
- þekkja muninn á upplýsingatækni í leik og starfi

Námsmat

Kennslunni er skipt upp í lotur. Hver lota stendur yfir í mánuð. Kennnt er í bekk með umræðum, stuttum fyrirlestrum, myndbandasýningu og töflukennslu þar sem áhersla er lögð á að kryfja efnið til að dýpka skilning. Nemendur vinna verkefni frá kennara saman í hóp eða einir eins og hverjum hentar. Í lok hvernar lotu taka nemendur lotupróf eða vinna verkefni og kynna sem mynda lokaeinkunn.

Skólar

Fyrirmynd